

**Samkomulag um breytingar á ákvæðum 2.1.6.6. og 2.1.6.6.1. í  
kjarasamningi Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í  
framhaldsskólum og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs**

**Breytingar undirritaðar samhliða kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra  
fyrir hönd ríkissjóðs 25. febrúar 2025**

Aðilar eru sammála um að gera þurfi breytingar á starfsþróun félagsfólks KÍ í framhaldsskólum þannig að hún eigi sér í auknum mæli stað á starfstíma skóla. Þannig er stutt betur við starfsemi og sérstöðu einstakra skóla og tækifæri skapast til að styrkja fagleg lærdómssamfélög og móta framtíðarsýn viðkomandi skólasamfélags.

Þeim 80 klst. af ársvinnuskyldu í B-hluta sem ætlaðar eru til starfsþróunar og hingað til hafa verið á forræði félagsfólks FF verður ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- 16 klst. á starfstíma skóla nýttar til starfsþróunar á sameiginlegu forræði skólameistara og félagsfólks FF.
- 64 klst. utan starfstíma skóla á forræði kennara.

Með starfsþróun er átt við markvissar aðgerðir til að efla færni og þekkingu starfsfólks og auka þannig gæði og fagmennsku í skólastarfi. Aðgerðir geta verið að sækja faglegt nám, námskeið, fræðslu á fagsviði og fleira. Tilgangur starfsþróunar er að efla lærdómssamfélag innan sfbreytilegs umhverfis framhaldsskólanna.

**Viðbót við grein nr. 2.1.6.6 - Skólaþróunarteymi**

Í hverjum framhaldsskóla skal skipa skólaþróunarteymi sem samsett er af félagsfólki FF og fulltrúum stjórnenda til jafns og skal sá fjöldi vera í samræmi við stærð, samsetningu og þarfir hvers skóla. Fulltrúar FF í teyminu eru kosnir á aðalfundum félagsdeilda. Skólaþróunarteymið mótar sameiginlega starfsþróunaráætlun í takt við þarfir skólastarfsins, leggur mat á fræðsluþörf og forgangsraðar aðgerðum með hliðsjón af þörfum starfseminnar hverju sinni. Skólaþróunarteymið ákvarðar hvað fellst í starfsþróun í framhaldsskóla ár hvert, hvernig hún er uppbyggð og framkvæmd.

Hlutverk skólaþróunarteyma eru m.a. að:

- Skapa umgjörð fyrir umbótamiðað lærdómssamfélag framhaldsskóla
- Starfsþróun styðji með markvissum hætti við dagleg störf félagsfólks KÍ í framhaldsskólum
- Byggja upp hæfni starfsfólks til að takast á við krefjandi aðstæður með fjölbreyttum hópi nemenda
- Styðja starfsfólk við að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og við að taka virkan þátt í þróunarstarfi skólans
- Vinna starfsþróunaráætlun sem byggir á þarfagreiningu sem kynnt er fyrir starfsfólki
- Undirbúa mál fyrir kennarafundi þar sem fjallað er um stefnumarkandi þætti hvað varðar starfsþróun (sbr. 10. gr. laga nr. 92/2008)
- Sinna stefnumótun vegna leiðsagnar nýliða
- Eiga samstarf við önnur skólaþróunarteymi framhaldsskóla


  
Fullgild rafræn undirskrift  
**GUÐMUNDUR BJÖRGVIN GYLFASON**  
Kennitala: 030172-5669  
2025-02-27 13:32:31 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**ARNAR GUÐMUNDSSON**  
Kennitala: 100971-4459  
2025-02-27 12:30:49 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**HELGA JÓHANNA BALDURSDÓTTIR**  
Kennitala: 140758-7799  
2025-02-27 12:41:30 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**KOLBRÚN ELFA SIGURDARDÓTTIR**  
Kennitala: 280465-3649  
2025-02-27 12:47:58 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**MAGNÚS HLYNUR HARALDSSON**  
Kennitala: 230975-4699  
2025-02-27 13:20:33 GMT  
Ástæða: Undirskrift



### Grein 2.1.6.6.1. breytist frá og með 1. ágúst 2025 og verður eftirfarandi:

| <u>Heiti</u>               | <u>klst.</u> | <u>Skýring</u>  |
|----------------------------|--------------|---|
| Kaffitímar á starfstíma    | 105          | 35 mín/60 mín x 36 vikur x 5 dagar                      |
| Símenntun/starfsþróun      | 64           | klst. til umráða fyrir kennara                          |
| Frágangur og undirbúningur | 32           | 8 klst. x 4 dagar við lok og upphaf skólaárs/anna       |
| Önnur vinna skv. reglugerð | 159          | <b>u.þ.b. 4,5 klst á viku í 36 vikur þar af áætlað:</b> |
| Starfsþróun                |              | u.þ.b. 16 klst. á starfstíma skólans <sup>1</sup>       |
| Kennarafundir              |              | allt að 27 klst. á starfstíma skólans <sup>2</sup>      |
| Yfirseta í prófum annarra  |              | 0 til u.þ.b. 20 klst. á starfstíma skólans <sup>3</sup> |
| Faglegt samstarf           |              | u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans          |
| Samskipti                  |              | u.þ.b. 60 klst. á starfstíma skólans                    |

*Til samskipta fellur öll upplýsingagjöf og samskipti við nemendur, starfsfólk í stoðþjónustu, forsjáraðila og annarra sem koma að samskiptum við börn og/eða farsæld barna.*

#### **Skýringartexti:**

1. Starfsþróun á starfstíma kennara og skóla skal vera að lágmarki 16 klst. Tími þessi er á sameiginlegu forræði skólameistara og kennara og skal skipulagður á vettvangi skólaþróunarteymis í hverjum skóla skv. gr. 2.1.6.6.
2. Kennarafundir eru allt að 27 klst. innan starfstíma skóla. Ef fjöldi klst. sem varið er í kennarafundi eru færri en 27 klst. skal mismuninum ráðstafað til annarra þátta b-hluta í samræmi við þarfir starfseminnar.
3. Yfirseta í prófum annarra getur verið á bilinu 0 til u.þ.b. 20 klst. innan starfstíma skóla. Ef yfirseta er minni en 20 klst. skal mismuninum ráðstafað til annarra þátta b-hluta í samræmi við þarfir starfseminnar.

Frá og með 1. ágúst 2025 hækka launatöflur um 2% þegar umsamdar breytingar koma til framkvæmda.

### Ný bókun

Sameiginlegur skilningur vegna niðurstöður í kjarasamningi um starfsþróunardaga á starfstíma framhaldsskóla

Aðilar eru sammála um að fyrir 1. febrúar 2026 verði áhrif breytts fyrirkomulags starfsþróunartíma metin þannig að tryggt verði að tilgangur umsaminna breytinga nái fram að ganga.

Mögulegt er að horfa þurfi til breytinga á reglugerð um starfstíma framhaldsskóla nr. 260/2017, til þess að tryggja að starfsþróunartíma verði komið við innan starfstíma framhaldsskóla ár hvert.

Aðilar eru sammála um að ekki sé sjálfgefið að tilfærsla starfsþróunartíma leiði til lengra skólaárs í öllum framhaldsskólum.

#### **Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 4. mars 2025 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 25. febrúar 2025

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra fyrir  
hönd ríkissjóðs, með fyrirvara um  
samþykki

*Samir Þorsteinsson*

F.h. Félags framhaldsskólakennara og  
Félag stjórnenda í framhaldsskólum, með  
fyrirvara um samþykki félagsfólks

*Ólafur Þorsteinsson*

*Autu in Eden*

*Kristjana Hrönn Árnadóttir*

*Jenou (meyer) Jean*

*Sandra Hlin Guðmundsd.*

*Jhanna Björk Guðjónsdóttir*  
*dóttir Jóns*